

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um Ríkisútvarpið.

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hver var heildarfjöldi starfsfólks á launaskrá Ríkisútvarpsins árin 2021 og 2022? Hve margir voru fastir starfsmenn og hve margir voru verktakar á þeim tíma?
2. Hvaða efni keypti Ríkisútvarpið eða gerðist meðframleiðandi að til styrktar sjálfstæðri gerð sjónvarpsþátta, kvikmynda, heimildarmynda, útvarpsþátta eða talsetningar á sama árabili?
3. Hverjir af þeim aðilum sem Ríkisútvarpið keypti efni af, eða gerðist meðframleiðandi að efni með, á sama árabili voru samhliða í föstu ráðningarsambandi við Ríkisútvarpið?
4. Hversu hárrí prósentu af innheimtu útvarpsgjaldi varði Ríkisútvarpið til kaupa á efni af sjálfstæðum framleiðendum, eða til meðframleiðslu, til að styrkja og efla sjálfstæða gerð sjónvarpsþátta, kvikmynda, heimildarmynda, útvarpsþátta eða talsetningar á sama árabili?

Skriflegt svar óskast.